



Ársreikningur 2023

*Eftirlaunasjóður FÍA
Borgartúni 19
105 Reykjavík*

Kennitala: 650376-0809

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	9
Efnahagsreikningur.....	10
Yfirlit um sjóðstreymi.....	11
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	12
Skýringar.....	13
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	31
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	33
Fjárfestingarstefna 2024 - Útdráttur.....	36
Stjórnarháttayfirlýsing.....	37

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Meginstarfsemi sjóðsins

Eftirlaunasjóður FÍA starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum.

Starfsemin á árinu

Alls greiddu að meðaltali 768 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls 2.727,6 milljónum kr. og hækkuðu um 32,3% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.746,4 milljónum kr. og hækkuðu um 33,2% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 251 á árinu og í árslok 2023 áttu 1.205 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknarir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 16,1 milljón kr. á árinu 2023. Fram til þessa hefur framkvæmdastjóri EFÍA verið starfsmaður rekstraraðila sjóðsins, Arion banka. Í samræmi við dreifibréf fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 30/2023 var komið á beinu ráðningarsambandi milli EFÍA og framkvæmdastjóra með ráðningarsamningi dags. 21. febrúar 2024.

Undanfarin ár á fjármálamörkuðum hafa verið afar sveiflukennd. Árið 2021 var sem dæmi með þeim bestu frá upphafi sjóðsins en árið 2022 markar eitt mest krefjandi ár á fjármálamörkuðum frá fyrri hluta síðustu aldar. Árið 2023 einkenndist af töluverðum markaðssveiflum, bæði á erlendum og innlendum mörkuðum. Innlend hlutabréf lækkuðu þó töluvert meira en erlend hlutabréf og skuldabréf. Markaðsaðstæður síðustu ára undirstrika mikilvægi þess að vera með dreift eignasafn til þess að standast sveiflur á mörkuðum. Fjárfestingarstefna EFÍA sem sett er af stjórn sjóðsins miðar að góðri dreifingu eignaflokka með það að markmiði að dreifa áhættu.

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands (OMX10) lækkaði um 1,6% en heimsvísitala hlutabréfa (e. MSCI World Index) hækkaði um 21,8% í bandaríkjadal eða um 16,6% í íslenskum krónum á árinu. Íslenski markaðurinn fylgdi þeim erlenda framan af ári en á vormánuðum fóru leiðir að skilja. Það orsakaðist m.a. af neikvæðum fréttum af stærstu félögunum á íslenska hlutabréfamarkaðnum en ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum var einkum drifin áfram af fáum stórum tæknifélögum í kjölfar væntinga um vöxt og tækniþróun ásamt aukinni notkun á gervigreindar.

Seðlabanki Íslands hefur hækkað vexti frá vormánuðum 2021 en nú virðist loks sjá fyrir endann á hækkanarferlinu. Stýrivextir standa nú í 9,25% eftir að hafa hækkað um 3,25 prósentustig á árinu 2023. Nafnávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa var á bilinu 1,6% til 6,3% á árinu en óverðtryggðra 3,6% til 6%. Hækkun stýrivaxta á árinu og aðrir óvissuþættir í efnahagsmálum leiddi til þess að ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði og þar með lækkaði virði þeirra.

Í lok marsmánaðar á síðasta ári kynnti fjármála- og efnahagsráðherra áform sín um að leggja fram lagafrumvarp sem mun heimila slit og uppgjör ÍL-sjóðs og það var síðan í október sem frumvarpið var lagt fram. Á öllum stigum málsins hefur EFÍA, ásamt öðrum lífeyrissjóðum, komið á framfæri mótmælum við áformum stjórnvalda. EFÍA hefur frá upphafi lagt áherslu á að uppgjör miðist við fullt uppgjör samkvæmt skilmálum skuldabréfa að teknu tilliti til vaxtagreiðslna í framtíðinni. Nú í febrúar tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ÍL-sjóðs, íslenska ríkisins og fulltrúar 18 lífeyrissjóða (þ.a.m. EFÍA) um að ákveðið hafi verið að hefja viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins. Markmið viðræðnanna er að ná samkomulagi sem felur í sér að skuldabréfin verði gerð upp að fullu og skilyrði sköpuð fyrir slitum ÍL-sjóðs.

Löngu áður en jarðhræringar hófust á Reykjanesi fjárfesti EFÍA í eignum sem eru staðsettar á Reykjanesi, þar að meðal í félögum sem eiga beint eða óbeint í HS Orku, HS Veitum og Bláa lóninu. Þessi félög eru tryggð upp að ákveðnu marki gegn eignatjóni og rekstrarstöðvun. Einhverjar fréttir hafa birst um skemmdir á mannvirkjum þessara félaga en vissulega má ætla að samdráttur hafi orðið í tekjumyndum þeirra á undanföllum mánuðum. Tvö þessara félaga eru mjög mikilvæg fyrir innviði á Reykjanesi og víðar og vonast er til að tímabil eldsumbrota hafi ekki meiri neikvæð áhrif á þau. Hvort svo verður getur einungis tíminn leitt í ljós.

Í lok nóvember 2023 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem ákvæði í samþykktum Lífeyrissjóðs Verslunarmanna var dæmt ólöglegt. Um er að ræða ákvæði sem varðar umreikning áunninna lífeyrisréttinda vegna spár um hækkanandi lífaldur. Ákvæðið sem deilt var um var ætlað að mæta hækkanandi lífaldri sjóðfélaga þar sem spáð er að ævi yngri sjóðfélaga lengist meira en þeirra sem eldri eru. Þessi spá byggir á lífslíkutöflum sem gefnar eru út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga og staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra. Álíka breytingar hafa verið gerðar á samþykktum EFÍA. Þessum héraðsdómi var áfrýjað og mun Hæstiréttur Íslands taka hann til efnislegrar meðferðar og er von á dómsniðurstöðu í lok þessa árs. Möguleg áhrif dómsins á réttindi og lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga munu ráðast af endanlegri niðurstöðu Hæstaréttar. Ef niðurstaða Héraðsdóms fær að standa er mögulegt að áhrif á sjóðinn verði veruleg og að endurreikna þurfi tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Eftir afar góða ávöxtun undanfarin ár hafa tvö síðustu ár verið erfið þó að síðasta ár hafi verið mun betra en árið 2022. Á árinu 2023 var nafnávöxtun eignasafnsins jákvæð um 7,0% að markaðsvirði en það samsvarar 0,74% neikvæðri raunávöxtun.

Sem fyrr er vert að minna á að þegar horft er á lengri tíma sparnað eins og lífeyrissparnað er mikilvægt að horfa einnig til ávöxtunar til lengri tíma. Meðalávöxtun sjóðsins til lengri tíma er mikilvægari en sveiflur í ávöxtun til skamms tíma enda lífeyrissparnaður í eðli sínu langtímafjárfesting. Langtímaávöxtun sjóðsins hefur verið góð en raunávöxtun sjóðsins til 10 ára á ársgrundvelli er 3,43%.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2023. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu heildarskuldbindingar sjóðsins 101.327,8 milljónum kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 94.820,4 milljónum kr. eða 6,4% lægri fjárhæð en skuldbindingarnar. Það er því ljóst að tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð umfram þann ramma sem lög setja lífeyrissjóðum. Sá rammi veitir hins vegar lífeyrissjóðum fimm ár til að vinna upp slíka stöðu fari hún ekki niður fyrir 10% viðmiðið. Í ljósi þeirra sértöku aðstæðna á markaði sem sjóðurinn hefur farið í gegn um á síðasta ári er það niðurstaða stjórnar að bregðast ekki við þeirri tryggingafræðilegu stöðu sem upp er komin að svo stöddu en nýta það svigrúm sem lög gera ráð fyrir og gefa mörkuðum og fjárfestingum sjóðsins tíma til að vinna til baka það tap sem varð á árinu 2022.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam 60.696 milljónum kr. í árslok 2023 og hefur hækkað á árinu úr 55.665 milljónum kr. eða um 5.031 milljón kr.

Reykjavík, 23. apríl 2023

Stjórn og framkvæmdastjóri Eftirlaunasjóðs FÍA staðfesta hér með ársreikning þennan með rafrænni undirskrift sinni.

Stjórn

Sturla Ómarsson, stjórnarformaður
Kjartan Jónsson, varaformaður stjórnar
Magnús Jón Magnússon, meðstjórnandi
Salvör Egilsdóttir, meðstjórnandi
Sigrún Hjartardóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Rafrænar undirritanir

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði FÍA

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Eftirlaunasjóðs FÍA („sjóðurinn“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2023, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar á ársreikningnum er í samræmi við innihald endurskoðunarskýrslu sem við höfum afhent endurskoðunarnefnd sjóðsins í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð sjóðnum. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skráning á lykilatriði í endurskoðuninni	Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun
<p>Mat á öðru og þriðja þreps fjáreignum</p> <p>Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 1.8 bls 14 og skýringu 7.6. á bls. 23:</p> <p>Við höfum skilgreint mat á þriðja þreps fjáreignum sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2023.</p> <p>Með þriðja þreps fjáreignum er átt við eignir sem metnar eru til gangvirðis með verðmatsaðferð sem byggir á forsendum sem ekki teljast auðrekjanlegar. Mat á þriðja þreps fjáreignum er oft á tíðum háð mikilli óvissu þar sem forsendur sem matið byggir á eru ekki auðrekjanlegar og háð mati stjórnenda að miklu leyti. Hver breyta í forsendum matsins getur haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag sjóðsins.</p>	<p>Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði sjóðsins við mat á þriðja þreps fjáreignum og samkvæmni þess við lög og reglur.</p> <p>Við yfirforum ferli sjóðsins við greiningu og mat á forsendum sem notaðar eru í verðmötum ásamt því að skoða verðmatslíkön sem stuðst er við.</p> <p>Við tókum úrtak fjáreigna til skoðunar, þar sem sérstök áhersla var lögð á stærstu og áhættumestu eignirnar.</p> <p>Við þessa skoðun var verðmats sérfræðingur notaður til aðstoðar.</p>
<p>Mat og nákvæmni á tryggingafræðilegri stöðu</p> <p>Sjá umfjöllun um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins á yfirliti um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar í skýringum 8.1 á bls.24.</p> <p>Við höfum skilgreint mat og framsetningu á tryggingafræðilegri stöðu sem lykilatriði við endurskoðun okkar á árinu 2023. Tryggingafræðileg staða er myndað af útreiknaðri lífeyrisskuldbindingu og eignum til að mæta lífeyrisskuldbindingunni. Við útreikning á lífeyrisskuldbindingu sjóðsins þarf forsendur en þær forsendur eru að hluta til staðlaðar. Tryggingafræðileg staða er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi sem ráðinn er af stjórn sjóðsins.</p>	<p>Til að bregðast við þessu lykilatriði í endurskoðuninni framkvæmdum við eftirfarandi aðgerðir:</p> <p>Mátum óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings sjóðsins sem ráðinn var af stjórn.</p> <p>Við máttum ferlið við gagnaöflun tryggingastærðfræðingsins gagnvart sjóðnum.</p> <p>Við máttum ferlið og aðferðafræðina við útreikning tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins.</p> <p>Við völdum úrtak sjóðsfélaga og röktum þau stök í skuldbindinguna til að staðfesta tilvist.</p>

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Skráning á lykilatriði í endurskoðuninni, frh.	Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun, frh.
Mat og nákvæmni á tryggingafræðilegri stöðu, frh. Heildarlífeyrisskuldbinding sjóðsins er neikvæð um 6.507,4 millj. kr í lok ársins 2023 samanborið við 5.661,6 millj kr. í lok ársins 2022. Heildareignir á móti lífeyrisskuldbindingu sjóðsins námu 94.820,4 millj. kr. í lok ársins 2023 og heildarskuldbinding nam 101.327,8 millj. kr. í lok ársins 2023.	Framkvæmdum greiningaraðgerðir og samanburðargreiningu á forsendum og á skuldbindingunni. Fórum yfir endurmat eigna með verðmatssérfræðingi

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sjóðurinn birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sjóðurinn gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ófjárhagslegar upplýsingar, fjárfestingastefna, stjórnarháttaryfirlýsing og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sjóðsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitem við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt sjóðnum þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent endurskoðunarnefnd staðfestingu á að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur í fyrsta skiptið á árinu 2020. Endurskoðun ársins 2023 er því fjórða samfellda reikningsárið okkar sem endurskoðendur.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 23. apríl 2023

Davíð Arnar Einarsson
lögiltur endurskoðandi

Ársreikningur Eftirlaunasjóðs FÍA fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS 2023

	Skýr.	2023	2022
Iðgjöld	1.4;2		
Iðgjöld sjóðfélaga		672.304	519.617
Iðgjöld launagreiðenda		2.043.911	1.533.053
Flutningur í og úr sjóði		67	(20)
		<u>2.716.282</u>	<u>2.052.650</u>
Sérstök aukaframlög	2.1	11.360	9.253
		<u>2.727.642</u>	<u>2.061.903</u>
Lífeyrir	1.5;3		
Heildarfjárhæð lífeyris	3.1	1.687.643	1.247.522
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	3.2	16.325	12.742
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	3.3	239	221
Tryggingakostnaður	3.4	42.147	50.641
		<u>1.746.354</u>	<u>1.311.126</u>
Hreinar fjárfestingartekjur/(gjöld)	1.6;4		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	4.1-2	2.634.721	(3.140.360)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	4.3	1.515.134	(354.169)
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé		52.935	49.376
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		2.381	1.663
Ýmsar fjárfestingartekjur		18.809	0
Fjárfestingargjöld	4.4-6	(58.141)	(64.636)
		<u>4.165.839</u>	<u>(3.508.126)</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.7;5	116.737	108.759
		<u>116.737</u>	<u>108.759</u>
Önnur gjöld			
Önnur gjöld	6.1	0	11.352
		<u>0</u>	<u>11.352</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		5.030.390	(2.877.460)
Hrein eign frá fyrra ári		55.665.203	58.542.663
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>60.695.593</u>	<u>55.665.203</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Fjárfestingar	1.8;7		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	7.1	32.836.132	27.605.104
Skuldabréf	7.2	26.770.611	27.311.568
		<u>59.606.743</u>	<u>54.916.672</u>
Kröfur	1.9		
Kröfur á launagreiðendur		242.615	184.379
Aðrar kröfur		30.491	16.652
		<u>273.106</u>	<u>201.031</u>
Ýmsar eignir	1.10		
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.7	0	11.727
		<u>0</u>	<u>11.727</u>
Handbært fé			
Handbært fé	1.11	916.853	702.622
		<u>916.853</u>	<u>702.622</u>
Eignir samtals		<u>60.796.702</u>	<u>55.832.052</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	1.12		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		101.109	166.849
		<u>101.109</u>	<u>166.849</u>
Skuldir samtals		<u>101.109</u>	<u>166.849</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>60.695.593</u>	<u>55.665.203</u>
Skuldbindingar utan efnahags	8.3		
Fjárhagsleg áhættustýring	9		

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2023

	Skýr.	2023	2022
Inngreiðslur			
Iðgjöld		2.669.993	2.030.877
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		42.717	18.797
Aðrar inngreiðslur		32.830	1.536
		<u>2.745.540</u>	<u>2.051.210</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		1.775.839	1.256.040
Rekstrarkostnaður		163.885	88.041
Aðrar útgreiðslur		58.141	64.636
		<u>1.997.865</u>	<u>1.408.717</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		747.675	642.493
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		235.336	325.764
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(4.942.710)	(6.132.884)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		2.108.782	6.850.206
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		1.802.014	1.690.070
Keypt skuldabréf		(4.627.996)	(6.114.031)
Seld skuldabréf		4.880.826	2.435.849
		<u>(543.748)</u>	<u>(945.026)</u>
		203.927	(302.533)
Gengismunur af handbæru fé		10.304	30.705
Handbært fé í upphafi árs		702.622	974.450
Handbært fé í lok árs		<u>916.853</u>	<u>702.622</u>

YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR 31. DESEMBER 2023

	Skýr	31.12.2023		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
8.1				
Eignir				
Hrein eign til greiðslu lífeyris		60.695.593	0	60.695.593
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		546.435	0	546.435
Núvirði framtíðariðgjalda		0	33.578.332	33.578.332
Eignir samtals		61.242.028	33.578.332	94.820.360
Skuldbindingar				
Ellilífeyrir		56.743.447	27.532.883	84.276.330
Örorkulífeyrir		2.151.814	1.289.891	3.441.705
Makalífeyrir		8.066.240	2.486.764	10.553.004
Barnalífeyrir		96.640	100.534	197.174
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		1.452.192	1.407.371	2.859.563
Skuldbindingar samtals		68.510.333	32.817.443	101.327.776
Skuldbindingar umfram eignir		(7.268.305)	760.889	(6.507.416)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		(10,6%)	2,3%	(6,4%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(9,5%)	0,1%	(6,8%)

		31.12.2022		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir				
Hrein eign til greiðslu lífeyris		55.665.203	0	55.665.203
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(1.450.711)	0	(1.450.711)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	23.757.507	23.757.507
Eignir samtals		54.214.492	23.757.507	77.971.999
Skuldbindingar:				
Ellilífeyrir		48.850.322	19.453.247	68.303.569
Örorkulífeyrir		2.075.655	1.143.892	3.219.547
Makalífeyrir		7.470.130	1.910.348	9.380.478
Barnalífeyrir		89.133	106.714	195.847
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		1.413.439	1.120.686	2.534.125
Skuldbindingar samtals		59.898.679	23.734.887	83.633.566
Eignir umfram skuldbindingar		(5.684.187)	22.620	(5.661.567)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		(9,5%)	0,1%	(6,8%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		12,5%	(10,8%)	6,1%

SKÝRINGAR

1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1.1 Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

1.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

1.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem þær eiga sér stað.

1.4 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok uppgjörsársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

1.5 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Auk þess fellur hér undir beinn kostnaður vegna örorkulífeyrisúrskurða, gjalds til starfsendurhæfingarsjóðs svo og uppgjör vegna örorkusamkomulags.

1.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 4.4 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknunar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færðar 40% þóknana til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins í samræmi við rekstrarsamning þar um. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi.

SKÝRINGAR

1.7 Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins, auk 60% þóknunar til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins sem annars er færður á meðal fjárfestingargjalda. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

1.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og afleiðum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 7.5. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um þrepaskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem metin eru á gangvirði og útlán. Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörsárs. Í skýringu nr. 7.2 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladegi.

e) Fullnustueignir

Húseignir og lóðir sem tekin eru til fullnustu greiðslu eru færðar á gangvirði þeirra eða kostnaðarverði, hvoru sem lægra reynist.

1.9 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og fært í afskriftarrekning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærslan er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

1.10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Varanlegir rekstrarfjármunir samanstanda af fasteign að Hlíðarsmára 8 og er hún afskrifuð um 2% á ári. Eignin var seld á árinu 2023.

1.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

1.12 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

SKÝRINGAR

1.13 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna.

Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 kveða á um að eignir og skuldir í erlendri mynt skulu umreiknaðar á opinberu gengi sem Seðlabanki Íslands auglýsir, kaupgengi fyrir eignir og sölugengi fyrir skuldir sbr. 32. reglnanna. Sú breyting tók gildi þann 1. apríl 2020 að Seðlabanki Íslands birtir aðeins miðgengi gjaldmiðla. Með hliðsjón af því eru eignir og skuldir lífeyrissjóða í erlendri mynt því umreiknaðar miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands.

Meðalgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok tímabilsins var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi		Lokagengi	
		2023	2022	31.12.2023	31.12.2022
Evra.....	EUR	149,14	142,33	150,50	151,50
Bandaríkjadollar.....	USD	137,98	135,46	136,20	142,04
Breskt pund.....	GBP	171,46	166,90	173,18	170,81
Dönsk króna.....	DKK	20,02	19,13	20,19	20,37
Norsk króna.....	NOK	13,07	14,09	13,39	14,41
Sænsk króna.....	SEK	13,00	13,39	13,56	13,62

1.14 Áhættustjórnun

Eftirlaunasjóður FÍA hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða aðrir afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum aðrir en valréttir sem fylgdu endurgjaldslaust með í kaupum við þátttöku í hlutabréfaútboði Ícelandair í september 2020. Nánari grein er gerð fyrir áhættustýringu sjóðsins í skýringu nr. 9.

SKÝRINGAR

2. IÐGJÖLD

2.1 Sérstök aukaframlög

	<u>2023</u>	<u>2022</u>
Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði	11.360	9.253
	<u>11.360</u>	<u>9.253</u>

3. LÍFEYRIR

3.1 Lífeyrir greinist þannig:

	<u>2023</u>	<u>2022</u>
Ellilífeyrir	1.348.331	993.277
Örorkulífeyrir	133.670	92.047
Makalífeyrir	191.232	149.411
Barnalífeyrir	14.410	12.787
	<u>1.687.643</u>	<u>1.247.522</u>

3.2 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

	<u>2023</u>	<u>2022</u>
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	16.325	12.742

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiða 0,10% af iðgjaldastofni til starfsendurhæfingarsjóðs.

3.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

	<u>2023</u>	<u>2022</u>
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats	239	221

3.4 Tryggingakostnaður

	<u>2023</u>	<u>2022</u>
(Tekjufært)/gjaldfært vegna örorkusamkomulags lífeyrissjóða	42.147	50.641

4. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

4.1 Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum geinast þannig:

	<u>2023</u>	<u>2022</u>
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	2.940.821	(4.308.161)
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	(541.436)	842.036
Arður af hlutabréfum	213.512	264.231
Endurgreidd umsýsluþóknun sjóða	21.824	61.534
	<u>2.634.721</u>	<u>(3.140.360)</u>

SKÝRINGAR

4.2 Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðaðar niður á 20 stærstu fjárfestingar:

Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum er skipt niður á 20 stærstu fjárfestingar í stærðarröð. Miðað er við meðalstöðu eigna í upphafi og lok uppgjörsársins.

	2023	2022
SSgA World IDX EQ-I -EUR	722.324	(512.741)
Vanguard - Global Stock Index Fund USD	620.114	(236.626)
Stefnir - ÍS 5	(283.357)	(421.761)
Katla Fund - Global Equity - Class A	283.984	(222.622)
Capital Group - New Perspective Fund A7 USD	280.270	(315.152)
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	(72.255)	(182.673)
Wellington Global Research Equity	245.446	(276.773)
SSgA World IDX EQ-I -USD	205.005	(164.174)
Arion banki hf.	22.961	(275.214)
PIMCO GIS - Euro Income Bond - UCITS	61.909	(101.164)
Marel hf.- IS markaður	(18.774)	(512.274)
Seilern World Growth - USD	148.794	(203.809)
JPM Liq.Fund - EUR Stand.Mon.Mark VNAV Acc	16.535	(6.934)
PIMCO GIS - Income Fund	48.377	(44.550)
Íslandsbanki hf.	(43.315)	(366)
Icelandair Group hf	(101.033)	(49.405)
JPMorgan Funds - Global Bond Opportunities Fund	28.104	(32.844)
Jarðvarmi slhf.	8.872	3.235
HSV eignarhaldsfélag slhf.	312.594	0
Skel fjárfestingafélag hf.	(2.408)	36.122
Önnur félög og sjóðir	456.674	(788.436)
	<u>2.940.821</u>	<u>(4.308.161)</u>

4.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum greinast þannig:

Öll skuldabréf sjóðsins eru metin á gangvirði að undanskyldum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum sem eru metin með áföllnum vöxtum og verðbótum.

	Gangvirðis- munur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2023	Samtals 2022
Skuldabréf með ríkisábyrgð	645.875	(73.105)	0	572.770	(804.145)
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	40.229	0	0	40.229	(143.800)
Skuldabréf með ábyrgð fjármálafyrirtækja	80.659	5.009	0	85.668	29.109
Önnur verðbréf	309.939	(28.286)	0	281.653	148.879
	<u>1.076.702</u>	<u>(96.382)</u>	<u>0</u>	<u>980.320</u>	<u>(769.957)</u>

	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2023	Samtals 2022
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	536.650	0	(1.836)	534.814	415.788
	<u>536.650</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>534.814</u>	<u>415.788</u>
	<u>1.613.352</u>	<u>(96.382)</u>	<u>0</u>	<u>1.515.134</u>	<u>(354.169)</u>

Breyting á niðurfærslu greinist þannig:

	2023	2022
Niðurfærsla 1.1 2023	64.931	57.339
Breyting á niðurfærslu	1.836	7.592
Niðurfærsla 31.12 2023	<u>66.767</u>	<u>64.931</u>

SKÝRINGAR

4.4 Fjárfestingargjöld greinast þannig:

	Áætluð og		Fjárf.gjöld Samtals	Meðalstaða	Hlutfall
	Bein fjárf.gjöld	reiknuð fjárf.gjöld		eigna í sjóðum	fjárf.gjalda af meðaleign
Fjárfestingargjöld 2023					
Innlendir sérhæfðir sjóðir fyrir almenning	0	25.528	25.528	1.186.247	2,2%
Aðrir Innlendir sérhæfðir sjóðir	0	95.265	95.265	4.122.431	2,3%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	71.194	71.194	15.527.243	0,5%
Aðrir erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	0	46.240	46.240	1.869.033	2,5%
Vörslubóknun	11.168	0	11.168		
Umsýslubóknun	44.121	0	44.121		
Miðlunarþóknunir	2.852	0	2.852		
	58.141	238.227	296.368	22.704.954	
Fjárfestingargjöld 2022					
Innlendir sérhæfðir sjóðir fyrir almenning	0	39.840	39.840	1.810.524	2,2%
Aðrir Innlendir sérhæfðir sjóðir	0	87.704	87.704	4.193.585	2,1%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	68.365	68.365	13.303.807	0,5%
Aðrir erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	0	25.627	25.627	1.004.728	2,6%
Vörslubóknun	13.095	0	13.095		
Umsýslubóknun	47.370	0	47.370		
Miðlunarþóknunir	4.171	0	4.171		
	64.636	221.536	286.172	20.312.644	

4.5 Áætluð umsýslubóknun sjóða sem Eftirlaunasjóður FÍA hefur fjárfest í

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í á árinu 2023 er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og sérhæfðum sjóðum fyrir almenning og hins vegar hjá öðrum sérhæfðum sjóðum. Áætlaður kostnaður sjóðanna er viðvarandi gjöld þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Viðvarandi gjöld sjóðanna eru innifalín í hreinum tekjum (gjöldum) af eignarhlutum í félögum og sjóðum meðal hreinna fjárfestingartekna og afslátturinn sem lífeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávöxtun sem fyrr birt að frádregnum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lífeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lífeyrissjóðsins í lok hvers ársfjórðungs.

4.6 Þóknun til rekstraraðila

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins er í samræmi við rekstrarsamning þar um. Laun starfsmanna rekstraraðila sem sinna daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins eru innifalið í umsýslubóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi. Gjald vegna starfa áhættustjóra, auk þóknunar vegna milligöngu um erlenda sjóði eru þar undanskilin.

Þóknun til rekstraraðila	Fjárf.gjöld	Áætluð og		Samtals 2023	Hlutfall af meðaleign
		Rekstrar- kostnaður	reiknuð fjárf.gjöld		
Umsýslubóknun	44.120	66.180	0	110.300	0,19%
Vörslubóknun	11.168	0	0	11.168	0,02%
Áhættustjóri	0	4.446	0	4.446	0,01%
Þóknun vegna milligöngu um erlenda sjóði	0	0	4.522	4.522	0,01%
	55.288	70.626	4.522	130.436	0,22%
Þóknun til rekstraraðila	Fjárf.gjöld	Áætluð og		Samtals 2022	Hlutfall af meðaleign
		Rekstrar- kostnaður	reiknuð fjárf.gjöld		
Umsýslubóknun	47.370	59.703	0	107.073	0,19%
Umsýslubóknun - Leiðrétting v. 2021		11.352		11.352	0,02%
Vörslubóknun	13.096	0	0	13.096	0,02%
Áhættustjóri	0	4.112	0	4.112	0,01%
Þóknun vegna milligöngu um erlenda sjóði	0	0	3.722	3.722	0,01%
	60.466	75.167	3.722	139.355	0,24%

SKÝRINGAR

5. REKSTRARKOSTNAÐUR

5.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2023	2022
Umsýsluþóknun til rekstraraðila	66.180	59.703
Laun og launatengd gjöld	19.095	17.078
Áhættustjóri	4.446	4.112
Tryggingarstærðfræðingur	7.466	8.341
Lögfræðikostnaður	2.448	2.299
Endurskoðun	2.138	2.220
Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara	10.650	9.630
Húsnæðiskostnaður	179	626
Annar rekstrarkostnaður	4.135	4.750
	<u>116.737</u>	<u>108.759</u>

5.2 Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

	2023	2022
Sturla Ómarsson, formaður stjórnar	4.247	3.969
Kjartan Jónsson, varaformaður stjórnar	3.185	2.976
Magnús Jón Magnússon, meðstjórnandi	2.289	2.038
Salvör Egilsdóttir, meðstjórnandi	2.123	1.985
Sigrún Hjartardóttir, meðstjórnandi	2.123	1.985
Arna Óskarsdóttir, varamaður í stjórn	236	314
Davíð Smári Jóhannsson, varamaður í stjórn	413	0
Úlfar Henningsson, varamaður í stjórn	925	803
Ingvar Már Jónsson, fv. varamaður í stórn	216	476
Guðlaugur Ingi Sigurðsson, í endurskoðunarnefnd	166	155
Sigríður Einarsdóttir, í endurskoðunarnefnd	166	155
	<u>16.089</u>	<u>14.856</u>

5.3 Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:

	2023	2022
Endurskoðun ársreiknings	2.324	2.096
	<u>2.324</u>	<u>2.096</u>

5.4 Þóknanir til tryggingastærðfræðings greinast þannig:

	2023	2022
Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu	1.944	1.800
Önnur þjónusta	4.813	6.347
	<u>6.757</u>	<u>8.147</u>

Innri úttekt á sjóðnum, í samræmi við reglur FME, var framkvæmd af innri endurskoðun Arion banka hf., þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Arion banka hf. samkvæmt samningi.

6. Önnur gjöld

6.1 Nýr samningur vegna umsýsluþóknunar

Nýr samningur vegna umsýsluþóknunar tók gildi á árinu 2022. Samningurinn var afturvirkur til 1. júlí 2021. Hækkun vegna ársins 2021 nam 11,4 milljónum kr.

SKÝRINGAR

7. FJÁRFESTINGAR

7.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig:

	31.12.2023			31.12.2022		
	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð
Skráð innlend hlutabréf						
Arion banki hf.	970.320	0,42%	546.197	858.808	0,37%	456.706
Festi hf.	105.652	0,17%	66.717	93.798	0,16%	66.717
Iceland Seafood International hf.	139.664	0,80%	183.387	148.738	0,91%	184.002
Icelandair Group hf.	486.929	0,89%	500.184	587.962	0,89%	500.184
Hampiðjan hf.	182.887	0,21%	168.619	0	0,00%	0
Ísfélag hf.	341.677	0,26%	331.000	0	0,00%	0
Íslandsbanki hf.	581.172	0,26%	568.352	525.357	0,22%	469.057
Kaldalón hf.	96.470	0,49%	99.000	89.100	0,49%	99.000
Kvika banki hf.	133.595	0,16%	188.541	95.000	0,10%	138.779
Marel hf.	783.244	0,22%	484.742	700.266	0,19%	382.813
Reginn hf.	149.184	0,34%	151.674	174.195	0,35%	155.125
Reitir fasteignafélag hf.	320.017	0,51%	243.154	368.996	0,54%	264.706
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	347.357	0,74%	129.385	288.306	0,71%	129.385
Skeljungur hf.	375.665	1,24%	168.447	378.073	1,24%	168.447
Vátryggingafélag Íslands hf.	171.379	0,53%	162.352	51.738	0,17%	29.959
Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.	171.953	0,40%	123.770	0	0,00%	0
Össur hf.	16.055	0,01%	13.352	19.797	0,01%	13.352
	<u>5.373.220</u>		<u>4.128.873</u>	<u>4.380.134</u>		<u>3.058.232</u>
Óskráð innlend hlutabréf						
ACF III slhf.	33.852	0,69%	26.000	30.498	0,67%	26.000
ACF IV slhf.	15.000	2,27%	15.001	0	0,00%	0
Alda Credit Fund II slhf.	13.860	0,70%	10.000	12.890	0,68%	10.000
ALDA Credit Fund slhf.	15.210	0,67%	10.400	14.290	0,66%	10.400
Bakkastakkur slhf.	135.300	1,95%	105.020	153.591	1,95%	103.560
Blávarmi GP.	58	1,44%	58	58	1,44%	58
Blávarmi slhf.	321.261	1,65%	264.506	307.119	1,65%	264.506
CP Invest slhf.	199.710	4,04%	195.000	150.000	3,77%	150.000
Coripharma Holding hf.	29.973	0,21%	29.974	0	0,00%	0
Crowberry II slhf.	20.226	0,82%	22.507	8.015	0,91%	10.361
Edda slhf.	70.127	1,80%	33.661	63.455	1,80%	32.455
Eyrir vöxtur slhf - B bréf.	33.740	1,66%	38.060	21.425	1,65%	23.100
Horn III slhf.	122.523	1,82%	106.302	225.182	2,00%	203.600
Horn IV slhf.	271.591	1,95%	284.240	70.244	2,00%	76.443
HSV eignarhaldsfélag slhf.	576.135	2,65%	126.840	293.495	2,65%	150.830
Hvatning slhf.	212.068	1,67%	150.000	196.757	1,67%	150.000
Iðunn slhf.	102.438	2,05%	102.438	97.948	2,05%	97.074
IG Rest hf.	972	0,77%	972	972	0,77%	972
Innviðir fjárfestingar slhf.	173.366	2,33%	128.352	105.061	2,33%	128.352
Innviðir fjárfestingar II slhf.	58.163	2,64%	66.207	66.207	2,64%	66.207
IS Haf fjárfestingar slhf.	19.119	2,00%	20.600	0	0,00%	0
Jarðvarmi GP ehf.	82	1,58%	80	82	1,58%	80
Jarðvarmi slhf.	493.283	1,45%	414.766	440.637	1,44%	370.992
Kjölfesta slhf.	32.407	1,39%	38.527	31.933	1,39%	38.527
Landsbréf - Veðskuldabr.sj. slhf.	9.325	1,18%	6.148	8.087	1,14%	6.148
Landsbréf - Veðskuldabr.sj. II.	113.701	1,91%	100.567	92.906	1,79%	83.910
Sameinað Sílikon hf.	0	0,00%	22.288	0	0,00%	22.288
SIV Credit Fund slhf.	574	1,15%	574	0	0,00%	0
SÍA II GP hf.	54	1,40%	56	53	1,40%	56
SÍA II slhf.	16.276	1,40%	5.600	9.891	1,40%	5.600
SÍA III GP hf.	54	1,56%	62	54	1,56%	62
SÍA III slhf.	152.582	1,56%	75.796	211.428	1,56%	128.144
SÍA IV slhf.	182.900	1,86%	184.729	177.094	1,86%	171.681
TFII slhf.	95.645	2,16%	103.813	127.200	3,03%	75.000
Veðskuld II slhf.	8.572	1,28%	51	7.119	1,28%	51
VEI A.	155.604	1,67%	151.336	86.378	1,21%	92.423
	<u>3.685.751</u>		<u>2.818.243</u>	<u>3.010.069</u>		<u>2.476.592</u>
Hlutabréf samtals	<u>9.058.971</u>		<u>6.947.116</u>	<u>7.390.203</u>		<u>5.534.824</u>

7.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, frh.:

	31.12.2023			31.12.2022		
	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð
Innland hlutdeildarskírteini						
Akta - HL1	53.752	1,09%	18.186	95.596	1,90%	33.461
IS Alpha Hlutabréfasjóður	62.876	2,06%	64.600	76.696	2,10%	64.600
Kvika-Iceland Fixed Inc. Fund hs.	11.122	1,19%	18.035	80.258	1,19%	82.577
Kvika - IHF	0	0,00%	0	34.806	0,78%	24.523
Landsbanki Private Equity II	5.803	1,11%	105.669	7.400	1,11%	105.669
Stefnir - ÍS 5 hs.	1.396.400	12,81%	787.782	1.717.757	12,22%	797.145
Stefnir - Innland hlutabréf hs.	1.221.413	4,89%	831.755	1.218.669	4,17%	756.755
ST1 hs.	381.752	3,13%	255.685	341.957	3,13%	255.685
	<u>3.133.118</u>		<u>2.081.712</u>	<u>3.573.139</u>		<u>2.120.415</u>
Erlend hlutdeildarskírteini						
Ashmore E.M Frontier EQ-Z2AU (USD) ...	198.844	1,84%	162.119	187.648	1,62%	162.119
Bridgepoint Direct Lending III						
Levered SCSP	126.289	0,05%	118.826	0	0,00%	0
CVC C.P.Euro Direct Lending						
Fund III (EL)SCSp.	178.281	0,28%	161.048	85.557	0,29%	77.662
Carlyle Partners VIII - EU, S.C.SP	146.284	0,01%	157.253	40.565	0,01%	44.698
Capital Group New Perspective						
Fund - A7 - LUX USD	1.870.212	0,11%	1.452.916	643.726	0,04%	452.323
DNB Fund High Yield Inst. A NOK	0	0,00%	0	193.660	0,18%	173.109
DNB Fund High Yield Inst. B EUR	351.025	1,14%	316.267	156.682	0,14%	158.032
DNB Private Equity VII (IS) AS	233.911	1,34%	204.779	178.612	0,95%	159.010
DNB Private Equity VIII (IS) AS	169.683	2,13%	157.869	102.803	0,63%	99.078
Fidelity - Institutional Emerging						
Markets Eq.Fund	0	0,00%	0	220.159	0,75%	246.445
Harbour Vest Dover Str. XI AIF SCSp.	64.410	0,02%	46.335	0	0,00%	0
Infrastructure Investm. Fund - IIF	373.176	0,01%	372.470	341.107	0,01%	359.449
iShares III PLC - iShares MSCI ACC	270.674	0,00%	159.125	227.358	0,00%	159.125
iShares MSCI World -ETF	48.536	0,01%	36.012	41.572	0,01%	36.012
JPMorgan Funds:						
Global Bond Opportunities F	440.480	0,07%	352.288	518.464	0,08%	410.543
EUR Stand.Mon.Mark VNAV Acc	430.960	0,08%	406.410	792.419	0,30%	761.389
U.S. Dollar Lic Fund	204.543	0,03%	203.992	217.626	0,03%	199.318
Katla Fund Global Value	1.404.893	3,41%	558.252	1.130.015	3,51%	558.252
KKR European Fund VI SCSp.	54.895	0,05%	68.888	0	0,00%	0
KKR Global Infrastructure						
Investors IV - USD SCSp	136.299	0,01%	133.797	88.064	0,01%	91.630
KKR North America Fund XIII SCSp.	100.138	0,01%	94.915	58.745	0,01%	58.643
Montanaro European Smaller						
Companies Fund	72.138	0,13%	32.542	110.881	0,18%	73.769
NB Private Debt Fund IV LUX (A) SCSP	107.404	0,04%	100.876	67.368	0,03%	62.147
New Mountain Guardian III BDC, L.L.C.	124.861	0,08%	117.276	129.945	0,08%	117.276
New Mountain Guardian IV BDC, L.L.C. ...	88.783	0,72%	88.641	77.902	0,73%	77.006
Obligo Global Infrastruktur II AS	238.643	2,65%	217.809	245.838	2,77%	217.809
Pimco Euro Inc. BD-INS. Acc.	754.556	0,36%	743.499	798.356	0,39%	841.526
Pimco GIS-Global Bond Fund	736.829	0,04%	729.781	0	0,00%	0
Pimco GIS Income Fund (USD)	559.513	0,01%	452.977	630.132	0,01%	512.957
SSgA World IDX EQ-I -USD	1.031.338	0,16%	459.957	871.257	0,14%	459.957
SSgA World IDX EQ-I -EUR	4.457.627	0,63%	2.365.068	3.764.807	0,56%	2.365.068
Seilern World Growth - USD	855.408	0,32%	491.837	510.648	0,23%	269.287
Vanguard - Global Stock Index USD	3.115.523	0,14%	2.569.703	2.551.999	0,14%	2.492.157
Vintage IX B Offshore SCSp - LP	18.453	0,02%	17.642	0	0,00%	0
Wellington Global Property Portfolio	137.155	1,33%	134.065	131.137	0,90%	134.065
Wellington Global Research Equity	1.193.197	0,98%	651.583	1.147.794	0,99%	724.981
Quality Growth fund (USD)	228.734	0,03%	162.807	260.902	0,03%	210.173
West Street Global Growth						
Partners Europe SLP	120.348	0,04%	119.656	118.014	0,01%	121.197
	<u>20.644.043</u>		<u>14.619.280</u>	<u>16.641.762</u>		<u>12.886.212</u>
Hlutdeildarskírteini samtals	<u>23.777.161</u>		<u>16.700.992</u>	<u>20.214.901</u>		<u>15.006.627</u>
Eignarhlutir og sjóðir samtals	<u>32.836.132</u>		<u>23.648.108</u>	<u>27.605.104</u>		<u>20.541.451</u>

SKÝRINGAR

7.2 Skuldabréf greinast þannig:

a) Skuldabréf á gangvirði greinast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Skuldabréf með ríkisábyrgð	6.823.235	7.885.500
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	2.021.068	2.352.009
Skuldabréf með ábyrgð fjármálafyrirtækja	1.295.154	1.967.528
Önnur verðbréf	7.563.704	7.414.811
	<u>17.703.161</u>	<u>19.619.848</u>

b) Útlán gegn veði í fasteignum greinast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Sjóðfélagar	9.134.217	7.756.650
Aðrir aðilar	0	0
Varúðarniðurfærsla	(66.767)	(64.931)
	<u>9.067.450</u>	<u>7.691.720</u>
Skuldabréf samtals	<u>26.770.611</u>	<u>27.311.568</u>

7.4 Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig niður á gjaldmiðla:

	31.12.2023	31.12.2022
ISK	36.772.003	35.422.166
EUR	9.117.141	7.814.619
USD	13.442.235	11.209.630
DKK	16.055	19.797
GBP	157.225	154.830
NOK	0	193.660
SEK	102.084	101.970
	<u>59.606.743</u>	<u>54.916.672</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:

	31.12.2023	31.12.2022
Eignir í íslenskum krónum	61,69%	64,50%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	38,31%	35,50%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

SKÝRINGAR

7.5 Fjárfestingar greinast þannig eftir matsaðferðum:

Fjárfestingar í lok árs 2023	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals	Gangvirði
				31.12.2023	31.12.2023
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	32.836.132	0	0	32.836.132	32.836.132
Skuldabréf	17.703.161	9.067.450	0	26.770.611	26.770.611
Afleiðusamningar	0	0	0	0	0
	50.539.293	9.067.450	0	59.606.743	59.606.743

Fjárfestingar í lok árs 2022	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals	Gangvirði
				31.12.2022	31.12.2022
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	27.605.104	0	0	27.605.104	27.605.104
Skuldabréf	19.619.848	7.691.720	0	27.311.568	27.311.568
Afleiðusamningar	0	0	0	0	0
	47.224.952	7.691.720	0	54.916.672	54.916.672

7.6 Þrepaskipting gangvirðis

Eftirlaunasjóður FÍA notar eftirfarandi þrepaskiptingu til að ákvarða og greina frá gangvirði fjárfestinga eftir matsaðferð:

1. þrep: Skráð verð á virkum markaði á sambærilegum eignum eða skuldum.
2. þrep: Virðismatsaðferð beitt þar sem allar mikilvægar breytur byggja á markaðsupplýsingum, ýmist beint eða óbeint.
3. þrep: Virðismatsaðferð beitt sem felur í sér mikilvægar breytur sem byggja ekki á markaðsupplýsingum.
Hér flokkast hlutir og hlutdeildarskírteini í framtakssjóðum sem metnar eru út frá endurskoðuðum ársreikningum og kröfur sem metnar eru út frá væntum innheimtum.

Ársfjórðungslega er flokkunin yfirfarin til að meta hvort eignir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þrepa. Er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

Eignir sem færðar eru á gangvirði greinast þannig eftir þrepum:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
				31.12.2023
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	5.692.435	20.822.277	6.321.420	32.836.132
Skuldabréf	14.869.398	1.251.560	1.582.203	17.703.161
	20.561.833	22.073.837	7.903.623	50.539.293

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
				31.12.2022
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	4.649.066	18.083.518	4.872.520	27.605.104
Skuldabréf	16.419.641	1.772.964	1.427.243	19.619.848
	21.068.707	19.856.482	6.299.763	47.224.952

Breytingar á eignum í 3. þrepi, færðar á gangvirði.

	2023	2022
Staða í ársbyrjun	6.299.763	4.011.024
Keypt á árinu	1.358.037	2.064.725
Selt á árinu	(284.686)	(159.068)
Afborganir	(139.387)	(112.241)
Flutt úr þrepi 2 í 3	0	37.002
Hrein gangvirðisbreyting	714.893	365.136
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	(44.997)	93.185
Staða í lok árs	7.903.623	6.299.763

SKÝRINGAR

7.7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Húseignir og lóðir:		
Bókfært verð í ársbyrjun	11.727	12.088
Afskrift færð út	0	(361)
Selt á árinu	(11.727)	0
Bókfært verð í árslok	0	11.727
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:		
Kostnaðarverð	18.009	18.009
Uppsafnaðar afskriftir færðar út	(6.282)	(6.282)
Selt á árinu	(11.727)	0
Bókfært verð í árslok	0	11.727

8. ÖNNUR MÁL

8.1 Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam lífeyrisskuldbinding Eftirlaunasjóðs FÍA 101.327,8 milljónum kr. í árslok 2023 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2023 var 94.820,4 milljónir kr. eða 6.507,4 milljónum kr. lægri en heildarskuldbinding eða sem nemur 6,4%. Breyting á tryggingafræðilegri stöðu greinist þannig:

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

	31.12.2023	31.12.2022
Eignir:		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í árslok	94.820.360	77.971.999
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í ársbyrjun	77.971.999	70.651.799
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu	16.848.361	7.320.200
Skuldbindingar:		
Skuldbindingar í árslok	101.327.776	83.633.566
Skuldbindingar í ársbyrjun	83.633.566	66.579.372
Hækkun skuldbindinga á árinu	17.694.210	17.054.194
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	(845.849)	(9.733.994)

SKÝRINGAR

8.1 Tryggingafræðileg úttekt, frh.

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar	2023	2022
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	59.898.679	48.274.663
Hækkun áunnina réttinda vegna breytinga á samþykktum	0	4.345.165
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	7.060.105	6.420.242
Hækkun áunnina réttinda vegna iðgjalda ársins	2.716.282	2.052.650
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(1.687.643)	(1.247.523)
Virði réttinda umfram virði iðgjalda ársins 2022	833.876	222.436
Breyting á núvirtum rekstrarkostnaði í áfallinni stöðu	(74.392)	186.109
Hækkun/(lækkun) vegna annarra breytinga	(236.574)	(355.063)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	<u>68.510.333</u>	<u>59.898.679</u>

Að þessu sinni er í úttektinni miðað við nýjar dánar og eftirlifendatöflur sem unnar eru af Félagi íslenskra Tryggingastærðfræðinga og ber að innleiða samkvæmt reglugerð nr. 391/1998. Nýjar dánar- og eftirlifendatöflur gera ráð fyrir auknum lífslíkum sjóðfélaga og auka þar með við áfallna skuldbindingu sjóðsins sem hefur áhrif til lækkunar á heildarstöðu í tryggingafræðilegu mati.

8.2 Örorkusamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða

Skuld sjóðsins vegna þessa er 42,05 milljónir kr. í árslok 2023.

	31.12.2023	31.12.2022
Örorkusamkomulag vegna 2023 (áætlun)	(42.147)	0
Örorkusamkomulag vegna 2022	0	(50.641)
Örorkusamkomulag vegna 2021	0	(32.108)
Örorkusamkomulag - óinnheimt vegna fyrri ára	97	97
	<u>(42.050)</u>	<u>(82.652)</u>

8.3 Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	31.12.2023	31.12.2022
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok	7.987.737	5.753.505
Heildarfjárfestingar	(3.635.790)	(2.280.606)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum	<u>4.351.947</u>	<u>3.472.899</u>

9. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING

9.1 Áhættustýring

Áhætta í starfsemi lífeyrissjóðsins er skilgreind, sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði. Áhætta nær til atvika sem lúta að eignum, skuldbindingum og daglegum rekstri sjóðsins. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins er meðal annars að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða hefur stjórn sjóðsins sett fram stefnu um áhættu í starfsemi lífeyrissjóðsins sem hún er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins. Sjóðurinn hefur jafnframt sett sér áhættustýringarstefnu þar sem fram kemur hvernig lífeyrissjóðurinn ætlar sér að stýra áhættuþáttum í daglegum rekstri sjóðsins.

Hér verður greint frá helstu áhættuþáttum sem felast í starfsemi sjóðsins.

9.2 Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta er hætta á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu. Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997. Tryggingafræðileg athugun felur í sér samanburð á hreinni eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðar iðgjalda og núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meiri en 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er sjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Hið sama gildir ef munur helst meiri en 5% samfellt í fimm ár. Áhættan er mæld með álagsprófi þar sem metin eru áhrif ýmissa sviðsmynda á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sjóðurinn stýrir lífeyrstryggingaráhættu með fjárfestingar- og áhættustýringarstefnu sem settar eru með það markmið að sjóðurinn nái markmiði sínu að geta staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á helstu áhættuþáttum, sem geta haft áhrif á getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, með skýrslugjöf.

Tryggingafræðileg staða eftir álagspróf	31.12.2023	31.12.2022
Núvirðisvextir í tryggingafræðilegri úttekt lækkaðir um 0,5%	-14,0%	-14,1%
Líftöflur hliðrast um 2 ár	-10,5%	-10,9%
Örorkulíkur auknar um 10%	-6,7%	-7,1%
VNV hækkun ársins aukin um 0,5%	-6,6%	-7,0%
GVT lækkar um 10%	-8,7%	-9,1%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um 10%	-7,3%	-7,6%
Innlend/erlend markaðsskuldabréf lækka um 10%	-8,6%	-9,5%
Erlend hlutabréf lækka um 10%	-8,1%	-8,3%
Innlend hlutabréf lækka um 10%	-7,6%	-8,0%
Innlend og erlend hlutabréf lækka um 20% í uppgjörsmýnt, GVT hækkar um 15%	-8,6%	-8,9%

9.3 Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði er hætta á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar. Slíkt misvægi getur myndast þar sem lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar en eignir einungis að hluta. Verðbólguáhætta sjóðsins er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar verðbólgu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir verðbólguáhættu með því að breyta vægi verðtryggðra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns sjóðsins. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á verðbólguáhættu með skýrslugjöf. Eftirfarandi eru áhrif hækkunar vísitölu neysluverðs á heildareignir sjóðsins.

Álagspróf	31.12.2023	31.12.2022
10% hækkun vísitölu neysluverðs	2,82%	3,20%

9.4 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem stafar beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna. Markaðsáhættan hefur því aðeins bein áhrif á áunna tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, en ekki framtíðarstöðu.

a) Vaxta- og endurfjármögnunaráhætta

Vaxtaáhætta er hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferilsins leiði til lækkunar á virði skuldabréfa og að ekki verði hægt að fjárfesta í skuldabréfum á jafn hárrí ávöxtunarkröfu í framhaldinu. Áhættan er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar hækkunar ávöxtunarkröfu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir vaxtaáhættu með því að breyta meðallíftíma skuldabréfasafns sjóðsins – en meðallíftími er mælikvarði á næmni skuldabréfa fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu – og með því að breyta vægi skuldabréfasafnsins af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um meðallíftíma skuldabréfasafns og takmarkanir á vægi eignaflokka, þar með talið skuldabréfa. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á vaxtaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif hækkun ávöxtunarkröfu skuldabréfa hefur á markaðsvirði hreinnar eigna til greiðslu lífeyris.

Álagspróf	31.12.2023	31.12.2022
100 pt hækkun verðtryggðra vaxta	-2,11%	-2,84%
200 pt hækkun óverðtryggðra vaxta	-0,31%	-1,02%

b) Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna lækkunar á hlutabréfum, þar með talið hlutabréfaeign í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Áhættan er mæld með álagsprófum sem segja til um áhrif fyrirfram skilgreindrar lækkunar hlutabréfa á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir hlutabréfaáhættu með því að breyta vægi hlutabréfa af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem takmarkanir eru settar á vægi eignaflokka, þar með talið hlutabréfa og sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á hlutabréfaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif lækkun á hlutabréfum ásamt veikingu krónu hefur á markaðsvirði hreinnar eignar til greiðslu lífeyris.

Álagspróf	31.12.2023	31.12.2022
30% lækkun innlendra hlutabréfa	-3,99%	-3,99%
30% lækkun innlendra hlutabréfa og sérhæfðra fjárfestinga	-5,83%	-5,62%
20% lækkun erlendra hlutabréfa	-4,91%	-4,25%
20% lækkun erlendra hlutabréfa og sérhæfðra fjárfestinga	-5,71%	-4,85%
15% gengishækkun annarra eigna í erlendum gjaldmiðlum	1,42%	1,67%
Samtals	-10,12%	-8,80%

c) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking ISK gagnvart erlendum gjaldmiðlum) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Styrking krónunnar gæti því skapað misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar hans eru í íslenskum krónum. Gjalddeyrissáhætta sjóðsins er mæld með eins mánaðar fé í húfi miðað við 99,5% öryggisbil. Mælikvarðinn segir til um hversu mikið getur tapast á einum mánuði vegna gjaldmiðlahreyfinga, þannig að einungis 0,5% líkur eru á að tapið verði meira. Auknar sveiflur í gengi krónunnar hafa neikvæð áhrif á þennan mælikvarða auk þess sem staða sjóðsins í eignum í erlendum gjaldmiðlum hefur áhrif. Sjóðurinn stýrir áhættunni með því að breyta hlutfalli erlendra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram koma takmarkanir á vægi eigna í erlendum gjaldmiðlum. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á gjaldmiðlaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Áhættumælikvarði	31.12.2023	31.12.2022
1 mán. fé í húfi m.v. 99,5% öryggisbil	-1,97%	-1,63%

9.5 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Áhættan ræðst bæði af líkum á greiðslufalli og áætluðum endurheimtum ef til greiðslufalls kemur. Mótaðilaáhætta er mæld með því að sundurgreina skuldabréfasafn sjóðsins eftir tegund útgefenda. Sjóðurinn stýrir útlánaáhættu með takmörkunum á vægi skuldabréfa eftir tegund útgefenda ásamt takmörkunum á vægi stakra útgefanda og tengdra aðila af heildareignum sjóðsins, sem tilgreind eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á mótaðilaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Tegund skuldabréfaútgefenda	31.12.2023	31.12.2022
Ríki	25,4%	28,8%
Fjármálafyrirtæki	8,0%	9,5%
þar af sértryggð skuldabréf	1,9%	5,6%
Sveitarfélög	7,5%	8,6%
Fyrirtæki	25,2%	24,9%
Sjóðfélagalán	33,9%	28,2%

9.6 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna. Sjóðurinn gætir þess að eignir hans séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.

Tafla 1 inniheldur 12 stærstu mótaðila EFÍA í lok árs 2021 og til samanburðar sýnir Tafla 2 stöðuna í lok árs 2020. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptavina skv. lögum um lífeyrissjóði teljast einn aðili. Flokkað er niður á eignaflokka skv. 36. gr. a. í lífeyrissjóðslögum.

A og B: Ríkisskuldabréf (OECD, Evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), fasteignaveðtryggð skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, innlán viðskiptabanka og sparisjóða, sértryggð skuldabréf skv. lögum þar um.

C og D: Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, fyrir utan víkjandi bréf, hlutir í verðbréfasjóðum skv. lögum þar um, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

E og F: Hlutabréf félaga, hlutir eða hlutdeildarskrteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, fasteignir (OECD, Evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), afleiður sem draga út áhættu sjóðsins og aðrir fjármálagerningar.

Útgefandi - 31.12.2023	Hlutfall	Eignaflokkur	Eignaflokkur	Eignaflokkur
		A og B	C og D	E og F
Sjóðfélagar	15,18%	15,20%		
State Street Global Advisors France (1)	9,09%		9,10%	
Íl-sjóður	7,70%	7,70%		
Arion banki hf	5,90%	1,30%	1,20%	3,40%
Vanguard Global Ireland Limited (1)	5,15%		5,10%	
Reykjavíkurborg	4,55%	2,30%	2,30%	
PIMCO Funds Global Investor (1)	3,39%		3,40%	
Capital Group Int.	3,09%		3,10%	
Reitir fasteignafélag hf.	2,56%		1,70%	0,90%
Wellington Luxemburg SA (1)	2,35%		2,30%	
Katla Fund	2,33%		2,30%	
Landsbankinn hf.	2,29%	0,40%	0,80%	1,00%

Tafla 1 12 stærstu mótaðilar EFÍA í lok árs 2023, horft í gegnum hlutabréfasjóðina Stefni - Innland hlutabréf hs. og Stefni - ÍS 5 hs.

9.6 Samþjöppunaráhætta, frh.

Útgefandi - 31.12.2022	Hlutfall	Eignaflokkur A og B	Eignaflokkur C og D	Eignaflokkur E og F
Sjóðfélagar	13,99%	13,99%		
State Street Global Advisors France (1)	8,35%		8,35%	
ÍL-sjóður	8,05%	8,05%		
Arion banki hf	6,82%	1,59%	0,97%	4,26%
Reykjavíkurborg	4,98%	2,54%	2,44%	
Vanguard Global Ireland Limited (1)	4,58%		4,58%	
US Treasury N/B	3,12%	3,12%		
JP Morgan Investment Management Ltd. (1)	2,75%		2,75%	
Reitir fasteignafélag hf.	2,71%		1,77%	0,94%
PIMCO Funds Global Investor (1)	2,57%		2,57%	
Wellington Luxemburg SA (1)	2,53%		2,53%	
Landsbankinn hf.	2,51%	1,22%	0,38%	0,91%

Tafla 2 12 stærstu mótaðilar EFÍA í lok árs 2022, horft í gegnum hlutabréfasjóðina Stefni - Innlend hlutabréf hs. og Stefni - ÍS 5 hs.

Stærsti hluti af mótaðilaáhættu Íslandsbanka og Landsbanka eru í gegnum sértryggð skuldabréf, en sjóðurinn á einnig hluti í sérhæfðum sjóðum, sem tengjast Landsbankanum. Sjóðurinn á bæði skuldabréf og hlutabréf á Reiti fasteignafélag.

Mótaðilaáhætta á Arion banka má sjá í töflu 3

Eignaflokkur	31.12.2023	31.12.2022
Innlán	1,07%	0,93%
Sértryggð skuldabréf	0,28%	0,65%
Skuldabréf og víxlar lánastofnana, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,41%	0,16%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0,77%	0,81%
Hlutabréf félaga	2,46%	3,25%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,91%	1,02%
Samtals:	5,90%	6,82%

Tafla 3 Skipting mótaðilaáhættu Arion banka.

9.7 Lausafjáraáætta

Lausafjáraáætta er hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði þegar þær gjaldfalla, t.d. lífeyrisgreiðslur, uppgjör verðbréfavíðskipta, greiðslur vegna reksturs á sjóðnum og flutningar á séreignarsparnaði. Áhættan er mæld með því að flokka eignir sjóðsins eftir seljanleika. Greint er á milli þriggja flokka seljanleika: 1) eignir með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti og sjóðir með innlausnarskyldu, 2) aðrar skráðar eignir og 3) óskráðar eignir og sjóðir án innlausnarskyldu. Sjóðurinn stýrir lausafjáraáættu með því að greina vænt greiðsluflæði og gæta þess að varðveita nægjanlegt fjármagn í auðseljanlegum eignum svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á lausafjáraáættu með skýrslugjöf.

Seljanleikaflokkun	31.12.2023	31.12.2022
Flokkur 1.....	50,4%	52,9%
Flokkur 2.....	20,3%	21,4%
Flokkur 3.....	29,3%	25,7%

9.8 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hætta á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Sjóðurinn stýrir rekstraráhættu með virku innra eftirliti sem er hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Innra eftirlit samanstendur meðal annars af skjalfestum verkferlum, aðskilnaði starfa, ábyrgðum og heimildum starfsmanna ásamt öðrum innri reglum. Sjóðurinn framkvæmir árlega mat þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt, möguleg áhrif þeirra greind og virkni stýringa metin. Í framhaldinu er ákveðið hvort grípa eigi til aðgerða til þess að bæta stýringar áhættuþátta. Meðal þeirra rekstraráhættuþátta sem litið er til eru eftirfarandi:

- **Starfsmannaáhætta:** Hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika og/eða fjárhagslegs taps.
- **Sviksemisáhætta:** Hætta á að sviksemi starfsmanna rekstraraðila eða utanaðkomandi aðila leiði til fjárhagslegs taps.
- **Orðsporsáhætta:** Hætta á að hnekkir á orðspori sjóðsins leiði til fjárhagslegs taps.
- **Upplýsingatækniáhætta og öryggismál:** Áhætta sem getur falist í röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum, tiltækileika upplýsinganna, rangri úrvinnslu þeirra, aðgangsheimildum og öðrum öryggismálum.
- **Lög og reglur:** Hætta á að sjóðurinn starfi ekki í samræmi við lög og reglur, og/eða að lagabreytingar eða túlkun laga leiði til fjárhagslegs taps eða verði sjóðnum íþyngjandi á annan hátt.
- **Skjalaáhætta:** Hætta á að ófullnægjandi skjalagerð eða skjöl, s.s. samningar um eignastýringu og ráðstöfun iðgjalda, séu ekki aðgengileg og/eða vistuð á öruggan hátt.
- **Áhætta vegna útvistunar:** Áhætta sem felst í útvistunarsamningi, þ.m.t. hagsmunaárekstrar sem skapast geta milli sjóðsins og útvistunaraðilans.
- **Upplýsingaáhætta:** Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum.
- **Verkferlar og framkvæmd:** Hætta á að mistök starfsmanna, ófullnægjandi verkferlar eða því að verkferlum sé ekki fylgt leiði til fjárhagslegs taps fyrir sjóðinn.
- **Úrskurðaráhætta lífeyris:** Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum sem getur leitt til endurkrafna og gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins.

KENNIÖLUR

FIMM ÁRA YFIRLIT

	2023	2022	2021	2020	2019
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	(6,42%)	(6,77%)	6,12%	4,57%	3,92%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	(10,61%)	(9,49%)	12,54%	7,42%	6,94%

Hrein raunávöxtun

Hrein raunávöxtun.....	(0,74%)	(14,17%)	11,28%	8,74%	9,74%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðustu 5 ár *.....	2,50%	3,00%	7,07%	4,42%	5,42%
síðustu 10 ár *.....	3,43%	4,17%	6,26%	5,38%	4,98%

* Ávöxtunartölur hafa ekki verið endurreiknaðar vegna árána 2008-2011 með ttt. mismunar á markaðsvirði verðbréfa og virði þeirra mv. kaupkröfu.

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Skráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	40,36%	35,97%	40,86%	40,95%	33,53%
Skráð skuldabréf %.....	28,91%	34,60%	32,11%	33,88%	34,13%
Óskráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	14,73%	14,29%	14,46%	11,16%	14,07%
Óskráð skuldabréf %.....	0,79%	1,12%	1,14%	1,05%	1,79%
Afleiðusamningar.....	0,00%	0,00%	0,05%	0,12%	0,00%
Veðlán.....	15,21%	14,02%	11,38%	12,84%	16,47%
Aðrar fjárfestingar.....	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	61,69%	64,50%	65,43%	65,39%	71,02%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	38,31%	35,50%	34,57%	34,61%	28,98%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Fjöldi

Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga	768	629	610	704	802
Fjöldi sjóðfélaga í árslok.....	1.205	1.138	1.139	1.134	1.130
Meðalfjöldi lífeyrisþega.....	228	218	211	204	201
Fjöldi lífeyrisþega	251	231	223	212	209

Hlutfallsleg skipting lífeyris:

Ellilífeyrir.....	79,89%	79,62%	78,60%	76,60%	76,76%
Örorkulífeyrir.....	7,92%	7,38%	7,31%	8,35%	8,26%
Makalífeyrir.....	11,33%	11,98%	12,98%	13,80%	13,52%
Barnalífeyrir.....	0,85%	1,02%	1,11%	1,26%	1,46%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

KENNITÖLUR

	2023	2022	2021	2020	2019
Fjárhæðir á föstu verðlagi					
Iðgjöld alls.....	2.728	2.227	1.756	2.298	2.963
Lífeyrir alls.....	(1.746)	(1.416)	(1.363)	(1.280)	(1.245)
Hreinar fjárfestingartekjur/(gjöld).....	4.166	(3.789)	9.956	6.924	6.280
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	(117)	(118)	(107)	(103)	(102)
Önnur gjöld.....	0	(12)	0	0	0
Hækkun/(lækkun) á hreinni eign	5.030	(3.108)	10.243	7.840	7.895
Aðrar kennitölur					
Lífeyrisbyrði.....	64,0%	63,6%	77,6%	55,7%	42,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum.....	4,3%	5,8%	6,1%	4,5%	3,5%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna.....	7,1%	(6,1%)	15,5%	12,0%	12,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna.....	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Starfsemi

Hlutverk Eftirlaunasjóðs FÍA (EFÍA) er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Starfsemi sjóðsins felst þannig einkum í varðveislu og ávöxtun lífeyrissparnaðar sjóðfélaga með það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur þeirra að lokinni starfsævi. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Rekstur EFÍA er í höndum Arion banka skv. sérstökum rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við bankann og sinna því starfsmenn hans rekstri og eignastýringu sjóðsins.

Umhverfi og samfélag

Samfélagsábyrgð skiptir EFÍA miklu máli og hefur sjóðurinn að leiðarljósi stjórnunarlega hugmyndafræði sem gengur út á að fyrirtæki og stofnanir viðhaldi jafnvægi á milli fjárhags-, umhverfis og samfélagsþátta og hugi að öllum þessum þáttum við stefnumótun og ákvörðunartöku. Við mat á samfélagsþáttum er mikilvægt að skilgreina hvað í starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er veigamest með tilliti til samfélagsþátta og sjálfbærni.

Ein höfuðskylda EFÍA þegar kemur að samfélagsábyrgð lítur að skilgreindu hlutverki hans um að varðveita og ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum og eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Þetta gerir sjóðurinn með því að sýna ábyrgð í fjárfestingum sínum, leggja áherslu á góða stjórnarhætti, fræðslu til sjóðfélaga um lífeyrismál og góðum árangri í starfsemi sjóðsins.

EFÍA stuðlar að minni pappírnotkun með því að bjóða upp á rafræn yfirlit og rafrænar umsóknir um lífeyrisgreiðslur. Fréttir og fréttabréf sjóðsins eru rafræn.

Rekstur og starfsemi sjóðsins er í höndum Arion banka og vísast því til ófjárhagslegrar upplýsingagjafar bankans hvað varðar umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti bankans í árs og samfélagskýrslu Arion banka 2021 vegna rekstrarþátta sjóðsins, eftir því sem við á.

Skýrslu Arion banka má nálgast á heimasíðu bankans undir heitinu Árs- og sjálfbærnisráðgjafar 2023: <https://arsskyrsla.arionbanki.is/2023>

Ábyrgar fjárfestingar og góðir stjórnarhættir

Vinna við mótun stefnu EFÍA í ábyrgum fjárfestingum og hluthafastefnu sjóðsins hófst á árinu 2017, á árinu 2018 voru stefnurnar samþykktar af stjórn og í kjölfarið gerðar aðgengilegar á vef sjóðsins.

Eignastýringaraðili sjóðsins, eignastýring fagfjárfesta hjá Arion banka, hefur þróað aðferðafræði og innleitt verklag ábyrga fjárfestinga í starfshætti sína fyrir hönd sjóðsins þar sem horft er til þriggja grunnþátta sjálfbærni; umhverfis- og félagslegra þátta og stjórnarháttar. Samhliða því er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð fyrirtækja (e. UN Global Compact) hafður til hliðsjónar við eignastýringu EFÍA. Þessi sáttmáli tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með einum eða öðrum hætti og með því má segja að í starfsemi sjóðsins sé unnið í átt að markmiðunum. Ásamt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (e. UN Global Compact) er rekstraraðili sjóðsins aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og UNEP FI, United Nations Environment Programme Finance Initiative.

Rekstraraðili EFÍA er stofnaðili að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar sem stofnuð voru 2017. Aðilar samtakanna eru starfsleyfis skyld fjármála fyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingarfélag og er tilgangur þeirra að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga með því að stuðla að aukinni umræðu um málaflokkinn.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Starfsemi EFÍA fellur undir ákvæði ársreikningalaga um ófjárhagslega upplýsingagjöf þar sem fjallað er m.a. um stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál.

EFÍA metur þær áhættur sem starfsemi sjóðsins getur stafað hætta af. Arion banki, rekstraraðili sjóðsins, hefur framkvæmt sérstakt áhættumat í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti bankans og upplýst um niðurstöður matsins í árs- og sjálfbærni skýrslu bankans sem er fánleg á heimasíðu Arion banka.

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Við eignastýringu sjóðsins er tekið tillit til UFS (umhverfis, félagslegir hættir og stjórnunarhættir) þátta í allri greiningarvinnu á stökum fjárfestingum eða sjóðum og kallað eftir viðeigandi upplýsingum um UFS þætti sem nýttar eru við heildarmat fjárfestingarákvarðana. Árið 2018 ákvað eignastýringaraðili að hitta og nálgast forsvarsaðila allra skráðu innlendu félaganna á Aðallista Nasdaq Iceland eftir að hafa tekið út og greint ófjárhagslega upplýsingagjöf þeirra. Fulltrúum eignastýringar var almennt vel tekið af félögunum en markmiðið var að fá félögin til að bæta ófjárhagslega upplýsingagjöf sína. Þessi vinna var endurtekin árið eftir og skilaði sér enn í bættri upplýsingagjöf. Árið 2020 var tekin sú ákvörðun að kaupa hluta af greiningarvinnu frá félaginu Reitun til þess að styrkja enn frekar ferlið við innlenda markaðinn og til að geta lagt aukna áherslu á aðra eignaflokka. Við UFS mat á öðrum eignaflokkum en skráðum innlendum félögum á Aðallista Nasdaq Iceland er einnig stuðst við greiningu Reitunar. Þau félög sem Reitun tekur ekki út en eru í eignasafni, eru metin út frá stefnum, skýrslum tengdum samfélagslegri ábyrgð og/eða öðrum viðeigandi gögnum. Hvað varðar sjóðastýringarfyrirtæki er spurningarlisti sendur út þar sem markmiðið er að svör taki til stefnu þeirra í ábyrgum fjárfestingum, svo sem hvort félög eru aðilar að UN PRI, til hvaða viðmiða sé horft í fjárfestingum ásamt því hvernig rekstraraðili eða sjóður nálgast samfélagsábyrgð í fjárfestingum.

Eignastýring Arion banka fyrir hönd EFÍA hefur stigið frekari skref í greiningu á eignasafni sjóðsins. Meðal annars hefur verið lagt mat á kolefnisfótspor beinnar eignar í innlendum skráðum félögum og hlutfall grænna fjárfestinga í eignasafni sjóðsins áætlað. Áætluð nettó CO2 losun vegna beins eignarhlutar í árslok 2023 í innlendum skráðum félögum miðað við tölur frá félögunum fyrir árið 2022 var 5.584,2 tonn eða 9,28 tonn á hverja 100 m. kr. í eignasafni EFÍA. Í framtíðinni er stefnt að því að ná enn frekar utan um kolefnisfótspor eignasafnsins.

Upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

Þann 1. júní 2023 tóku gildi lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin innleiddu í íslenskan rétt tvær reglugerðir Evrópusambandsins (ESB). Þar er um að ræða annars vegar reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) og hins vegar reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrri sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (flokkunarreglugerð ESB eða flokkunarreglugerðin). Upplýsingar í samræmi við flokkunarreglugerðina eru birtar í fyrsta sinn í viðauka við ársreikning 2023.

Upplýsingagjöf EFÍA um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR)

Eftirlaunasjóður FÍA birti á árinu yfirlýsingu um sjálfbærniáhættu. En yfirlýsingunni er ætlað að lýsa því hvernig sjóðurinn vinnur að innleiðingu áhættuþátta tengda sjálfbærni í fjárfestingarákvarðanaferli. Innleiðingarvinnan stendur nú yfir og verkferlar hafa ekki verið að fullu innleiddir. Greining rekstraraðila sjóðsins mun ná yfir hinar ýmsu birtingarmyndir sjálfbærniáhættu á einstaka fjárfestingar. Sjóðurinn hugar m.a. að áhrifum raunlægrar áhættu og umbreytingaráhættu. Á grundvelli greiningar mun sjóðurinn framkvæma mat á því hvernig sjálfbærniáhætta getur komið til með að hafa áhrif á virði eða ávöxtun þeirrar fjárfestingar sem um ræðir hverju sinni.

Fræðsla til sjóðfélaga

EFÍA telur mikilvægt að sjóðurinn sinni fræðslu til sjóðfélaga um lífeyrismál. Í því sambandi hefur hann á árinu í samtarfi við rekstraraðila sjóðsins staðið reglulega fyrir vel sóttum opnum fræðslufundum um lífeyrissparnað og sértækum upplýsingafundum um EFÍA.

Góðgerðarmál

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er EFÍA ekki heimilt að inna af hendi fjárframlög til góðgerðarmála.

Starfsfólk

Rekstur EFÍA er í höndum Arion banka skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við bankann. Samkvæmt honum sinna starfsmenn Arion rekstri og eignastýringu sjóðsins. Sjóðurinn hefur því enga starfsmenn og því vísað til stefnu og reglna Arion banka, t.d. mannauðs-, jafnlauna- og jafnréttisstefnu, almennra starfsreglna, starfs- og siðareglna fyrir starfsfólk, reglna bankans um gjafir og skemmtanir, auk reglna um verðbrefaviðskipti starfsmanna.

Mannauðsstefnan hefur að leiðarljósi að efla mannauð með því að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum og að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu og jafnréttislög. Jafnframt hefur Arion banki hlotið Jafnlaunavottun VR sem staðfestir að búið er að kerfisbinda launaákvæðanir og innleiða jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum ÍST 85:2012.

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Mannréttindi og spilling

EFÍA fylgir lögum og reglum sem um starfsemi hans gilda og styður við og virðir mannréttindi í allri sinni starfsemi. Sjóðurinn gerir ríkar kröfur um að samstarfsaðilar sínir virði mannréttindi, rétt til félagafrelsis, réttindi á vinnumarkaði og bjóði upp á góðan og öruggan aðbúnað á vinnustað.

Til að vinna gegn spillingu hefur stjórn sjóðsins t.a.m. sett sér starfsreglur, samskipta- og siðareglur, verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga, auk þess að setja fram aðgerðir gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka o.fl. Samsvarandi reglur eru í gildi fyrir starfsmenn sem þjónusta sjóðinn að jafnaði. Þessar reglur má finna í reglum og skilmálum stjórnarhátta hjá Arion banka. Þar má m.a. finna verklagsreglur vegna hagsmunaárekstra, reglur um viðskipti starfsmanna, aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, siðareglur o.fl.

FJÁRFESTINGARSTEFNA 2023 - ÚTDRÁTTUR

Forsendur fjárfestingarstefnu

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að stjórn skuli móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og ávaxta fé sjóðsins innan þeirra marka sem löggin setja. Fjárfestingarstefnan er sett til langs tíma en endurskoðuð að minnsta kosti árlega. Samkvæmt 37. gr. laganna skulu lífeyrissjóðir senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert. Fjárfestingarstefnan er birt á heimasíðu sjóðsins. Eignir Eftirlaunasjóðs FÍA skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum, samþykktum Eftirlaunasjóðs FÍA og samkvæmt reglugerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Fjárfestingarstefna Eftirlaunasjóðs FÍA

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting verðbréfaeignar Eftirlaunasjóðs FÍA í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1. Um nánari skiptingu verðbréfa má sjá í töflum 2 og 3. Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikiörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Eignasamsetning er innan vikmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

	FLOKKAR VERÐBRÉFA	STEFNA	VIKMÖRK
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	10%	5-60%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	15%	0-40%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3%	0-10%
	b. Innlán	0%	0-20%
	c. Sértryggð skuldabréf	2%	0-30%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið víkjandi skuldabréf	2%	0-10%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	27%	0-50%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	11%	0-30%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	3%	0-15%
E	a. Hlutabréf félaga	6%	0-30%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	21%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals:	100%	

Tafla 1. Flokkar verðbréfa.

EIGNAFLOKKAR	STEFNA	VIKMÖRK
Innlend skuldabréf og innlán	43%	10-100%
Innlend hlutabréf	12%	0-25%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	5%	0-15%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldmiðlum	5%	0-30%
Erlend hlutabréf	25%	0-35%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	10%	0-15%

Tafla 2. Nánari takmarkanir eftir eðli fjárfestinga

EIGNAFLOKKAR	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	3%	0-6%
Erlendar eignir	39%	0-51,5%

Tafla 3. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Eftirlaunasjóður FÍA (EFÍA) starfar í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna. Sjóðurinn tekur við iðgjöldum frá launagreiðendum sem gert hafa kjarasamning við Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og þegar ráðningarbundin starfskjör taka mið af þeim kjarasamningum. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Stjórnarhættir eru byggðir á og mótaðir af starfsreglum stjórnar, samþykktum sjóðsins og áður nefndum lögum og reglugerðum. Stjórn hefur sett ýmsar stefnur og reglur um starfsemina og gert aðgengilegar sjóðfélögum á heimasíðu sjóðsins. Er hér m.a. átt við starfsreglur stjórnar, starfsreglur endurskoðunarnefndar, samskipta- og siðareglur, persónuverndarstefnu og greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum. Þar má jafnframt nálgast reglur sjóðsins um aðgerðir gegn peningabætti, útvistunarstefnu, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti og samþykktir sjóðsins.

Vald ársfundar í málefnum sjóðsins fer samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðendur sem lífeyrisþegar, eiga rétt til að sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétt. Atkvæðisrétt á ársfundi eiga sjóðfélagar sem greiða eða eiga geymd réttindi vegna iðgjaldagreiðslna hjá sjóðnum og fer hver sjóðfélagi með eitt atkvæði.

EFÍA hefur gert rekstrarsamning við Arion banka sem tók við rekstri og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka. Arion banki leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn, undirnefndir og framkvæmdastjóri

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og í samræmi við samþykktir sjóðsins. Stjórn mótar fjárfestingastefnu sjóðsins og áhættustefnu og setur sér starfsáætlun. Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum sjóðsins.

Stjórn EFÍA skipa fimm stjórnarmenn og fimm varamenn. Tveir aðalmenn og tveir varamenn skulu tilnefndir af atvinnurekendum, til eins árs í senn, í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins. Þrír aðalmenn og þrír varamenn skulu kjörnir af sjóðfélögum til tveggja ára í senn. Hið fyrra ár skal kjósa einn aðalmann og tvo varamenn og seinna árið tvo aðalmenn og einn varamann. Sérákvæði er þetta varðar giltu við upphaf kosninga árið 2019. Kosning skal vera rafræn, hefjast á ársfundi og standa í viku. Tryggt skal að fylgt sé ákvæðum 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar. Stjórnarformaður er Sturla Ómarsson flugstjóri. Hann hefur átt sæti í stjórn EFÍA frá árinu 2010, fyrst sem meðstjórnandi, en formaður stjórnar frá árinu 2013. Varaformaður stjórnar er Kjartan Jónsson flugstjóri en hann tók sæti í stjórn 2019. Meðstjórnendur eru Salvör Egilsdóttir flugstjóri sem tók sæti í aðalstjórn 2020 en hefur setið í varastjórn frá árinu 2018, Sigrún Hjartardóttir forstöðumaður fjárstýringar og áhættustýringar hjá Icelandair sem tók sæti í stjórn 2021 og Magnús Jón Magnússon forstöðumaður Business Control deildar Icelandair sem tók sæti í stjórn 2020. Varamenn eru Úlfar Henningsson, Arna Óskarsdóttir og Davíð Smári Jóhannsson, kosin af sjóðfélögum en Íris Hulda Þórisdóttir og Ari Guðjónsson tilnefnd af atvinnurekendum. Formlegir stjórnarfundir voru 12 á árinu 2023, stjórn var í öllum tilfellum ákvörðunarþær.

Endurskoðunarnefnd leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga sjóðsins. Hlutverk hennar er m.a. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins og áhættustýringu hans ásamt því að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og öðrum störfum endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd setur jafnframt fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda og metur óhæði hans. Endurskoðunarnefnd fylgir eftir úrbótum á annmörkum sem koma fram hjá innri og ytri endurskoðun. Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki tvisvar sinnum á ári og gefur árlega skýrslu til stjórnar. Endurskoðunarnefnd var skipuð af stjórn þann 17. júní 2022. Skipuð voru þau Guðlaugur Sigurðsson, Sigríður Einarsdóttir og Magnús Jón

Lánanefnd EFÍA er skipuð af stjórn sem jafnframt setur henni starfsreglur. Í lánanefnd sitja Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, Sólveig Dröfn Ómarsdóttir, sérfræðingur viðskiptabankasviðs Arion banka, Ólafur Örn Jónsson, sjóðsstjóri eignastýringar Arion banka og Jón Emil Magnússon, teymisstjóri á viðskiptabankasviði Arion banka. Lánanefnd starfar innan þeirra heimilda sem stjórn setur henni með starfsreglum og lánareglum sjóðsins og samkvæmt þeim lögum sem gilda um neytendalán.

Stjórn, undirnefndir og framkvæmdastjóri, frh.

Framkvæmdastjóri sjóðsins frá 10. maí 2023 er Guðmundur Thorlacius Ragnarsson. Hann er með cand.jur-gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands og próf í verðbréfavíðskiptum. Guðmundur býr að víðtækri reynslu innan eignastýringar og reksturs lífeyrissjóða og hefur hann m.a. komið að rekstri EFÍA frá því að hann fluttist til Arion banka árið 2012. Framkvæmdastjóri starfar í samræmi við starfsreglur sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt og ber hann ábyrgð gagnvart stjórn á því að sjóðurinn starfi eftir þeim lögum og reglum sem um hann gilda. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og í samræmi við lög 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast upplýsingagjöf til stjórnar í samræmi við starfsreglur framkvæmdastjóra. Hann ber ábyrgð á því að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og reglur, að fjárfestingastefnu og áhættustefnu sem stjórn hefur sett sé framfylgt og skipulag innra eftirlits sé með þeim hætti sem stjórn hefur samþykkt. Ber hann jafnframt ábyrgð á því gagnvart stjórn að heildar áhættustýring sé fullnægjandi ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum. Framkvæmdastjóri heldur utan um verksvið, ábyrgðir og heimildir starfsmanna og tryggir að ábyrgðinni sé deilt með fullnægjandi hætti. Þá skal framkvæmdastjóri einnig móta viðeigandi markmið fyrir áhættustýringu og innra eftirlit í samstarfi við ábyrgðarmann áhættustýringar og fylgjast með því að eftirlitið sé fullnægjandi og skilvirkt.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn EFÍA skjalfestir innra eftirlit sjóðsins árlega og setur jafnframt fram áhættustefnu þar sem greint er frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildaráhættustýringu sjóðsins í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017. Áhættustefnan er þannig hluti af eftirlitskerfi sjóðsins og helst í hendur við fjárfestingarstefnu þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku. Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virka upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu og gefist þannig enn betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk. Ábyrgðarmaður áhættustýringar EFÍA fylgist með því að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins og innan þeirra vikmarka sem stjórn hans hefur samþykkt. Áhættustýring Arion banka og ábyrgðarmaður áhættustýringar EFÍA gera ársfjórðungslega skýrslu um fjárhagslega áhættuþætti er snúa að sjóðnum og leggja fyrir stjórn. Árlega hefur ábyrgðarmaður áhættustýringar EFÍA umsjón með framkvæmd eigin áhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt frekar og með hvaða hætti.

Stjórn EFÍA hefur sett sjóðnum persónuverndarstefnu og er hún birt á vefsvæði hans. Á árinu 2019 tók regluvörður Arion banka við hlutverki persónuverndarfulltrúa sjóðsins. Árlega skilar regluvörður skýrslu til stjórnar um framgang persónuverndarstefnu sjóðsins.

Innri endurskoðun er í höndum innri endurskoðanda Arion banka. Innri endurskoðun starfar sjálfstætt og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi sjóðsins. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu á innra eftirliti sem ætlað er að bæta rekstur sjóðsins. Innri endurskoðun leggur jafnframt mat á skipulag og virkni vöktunar stjórnenda, hvort heildaráhættustýring og innra eftirlit virki eins og til er ætlast. Stjórn sjóðsins er gerð grein fyrir meginniðurstöðum árlegrar endurskoðunar með skýrslugjöf.

Ytri endurskoðun er framkvæmd af löggiltum endurskoðanda Grant Thornton sem starfar ekki í þágu sjóðsins að öðru en endurskoðun og innra eftirliti. Markmið ytri endurskoðunar er að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu og efnahag í lok þess árs og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um starfsemina, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi sjóðs.

Regluvörður Arion banka leggur árlega fyrir stjórn sjóðsins skýrslu um eftirlit með verðbréfavíðskiptum og viðbrögðum bankans við hagsmunaárekstrum. Þá hefur stjórn sjóðsins tilnefnt regluvörð Arion banka sem ábyrgðarmann aðgerða sjóðsins gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Skal hann veita stjórn sjóðsins skýrslu um framkvæmd reglna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eigi sjaldnar en árlega. Þá hefur hann einnig tekið að sér eftirlit með verðbréfavíðskiptum stjórnarmanna.

Víða í regluverki sjóðsins er að finna ákvæði þar sem tekið er á hagsmunaárekstrum, t.d. í starfsreglum stjórnar, í starfsreglum fyrir framkvæmdastjóra og í verklagsreglum um verðbréfavíðskipti. Þá eru til staðar hjá rekstraraðila reglur er varða hagsmunaárekstra og starfsmönnum rekstraraðila sem starfa fyrir sjóðinn ber að fylgja.